



Reglur vegna leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags

Leikskólinn Berg á Kjalarnesi er skilgreindur sem leikskóli sveitarfélagsins Kjósarhrepps samkvæmt gildandi samningi við Reykjavíkurborg og ná þessar reglur ekki til ofangreindra skóla.

1. gr.

Reglur þessar eiga eingöngu við þegar börn eru vistuð í leikskóla í öðru sveitarfélagi en lögheimilissveitarfélagi.

Ef sveitarfélag tekur að sér með reglubundnum hætti að vista börn annars sveitarfélags eða ef börn annarra sveitarfélaga eru vistuð með reglubundnum hætti í tilteknum leikskóla skal sérstaklega samið um greiðslur vegna þess á milli sveitarfélaganna.

Gera má ráð fyrir að ósk um leikskóladvöl fyrir barn utan lögheimilissveitarfélags stafi einkum af eftirfarandi ástæðum:

1. barn flytur í annað sveitarfélag en foreldri óskar eftir því að barnið sækji tímabundið leikskóla í sveitarfélagi þar sem það átti lögheimili fyrir flutning.
2. barn, sem vegna náms eða þingmennsku foreldra fjarri lögheimili, þarf á leikskóladvöl í öðru sveitarfélagi að halda.
3. barni er ráðstafað tímabundið á fósturheimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar.

2. gr.

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili, hér eftir nefnt lögheimilissveitarfélag. Ef foreldri barns óskar eftir tímabundinni leikskóladvöl fyrir barnið í öðru sveitarfélagi, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélag, skal send inn umsókn þess efnis og tilgreindar ástæður umsóknarinnar.

Hljóti umsóknin jákvæða afgreiðslu ber foreldri að óska eftir samþykki lögheimilissveitarfélags fyrir kostnaðarþátttöku vegna leikskóladvalar.

Sé umsókn synjað skal umsækjanda svarað sem fyrst og ástæður synjunar tiltekna.

3. gr.

Þegar heimild er veitt, skv. 2. grein, til tímabundinnar leikskóladvalar utan lögheimilissveitarfélags, skal semja um greiðslur vegna hennar. Samband íslenskra sveitarfélaga ákveður sérstaka viðmiðunargjaldskrá sem endurskoðuð er árlega. Greiðslur vegna leikskólakostnaðar skulu inntar af hendi mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði sem barn er í leikskóla nema sveitarfélög semji sérstaklega um að hafa annan hátt á.

4. gr.

Í samskiptum sveitarfélaga vegna umsókna sbr. 1. gr. skal það vera meginregla að skoða beiðni um leikskólavist frá öðru sveitarfélagi með sömu fyrirvörum og eiga almennt við um íbúa með lögheimili í sveitarfélaginu.

5. gr.

Komi upp ágreiningur um leikskóladvöl barns, þ.m.t. greiðslur vegna leikskóladvalar, sem sveitarfélög geta ekki leyst sín á milli, er hægt að vísa ágreiningi til sérstakrar þriggja manna nefndar. Skilyrði þess að nefndin taki mál til umfjöllunar er að báðir deiluaðilar verði sammála um að vísa því til hennar til umsagnar.



Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af hvoru sveitarfélagi og einn fulltrúi tilnefndur af sambandinu. Skólamálafulltrúi sambandsins er starfsmaður nefndarinnar.

Þegar nefndin fær mál til umfjöllunar aflar starfsmaður nefndarinnar nauðsynlegra gagna og kannar afstöðu viðkomandi sveitarfélaga til ágreiningsefnisins þ.á.m. hvort grundvöllur sé til sáttá milli þeirra. Lýsi bæði sveitarfélögin því yfir að sættir hafi náðst eða samkomulag sé í auglýsningu getur nefndin lokið meðferð máls á þeim grundvelli. Það kemur þó ekki í veg fyrir að sama ágreiningsefni verði lagt fyrir nefndina á ný ef úrlausn þess gengur ekki eftir.

Sé sáttagrundvöllur ekki fyrir hendi gerir nefndin tillögu til úrlausnar ágreiningsefnisins. Tillagan skal rökstudd og sett fram með skýrum hætti. Tillaga nefndarinnar er ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

Um hæfi nefndarmanna fer skv. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Samþykkt í hreppsnefnd Kjósarhrepps 21.10.20